

# Lög

## um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsing um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Veita má skipverja sem skráður er í fyrsta sinn sex mánaða frest til að fullnægja ákvæðinu.
- b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu að skipverjar sækji öryggisfræðslunámskeið skv. 7. tölul. 1. mgr. þessarar greinar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

### 2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem hafa skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna fyrir 1. janúar 1998 fá frest til 1. apríl 1999 til að fullnægja skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 15. desember 1997.*